

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, kt. 571189-1519, hér eftir nefnt ráðuneytið,  
Norðurþing, kt. 640169-5599 og Náttúrustofa Norðausturlands, kt. 430903-3570,  
hér eftir nefnd náttúrustofa gera með sér svohljóðandi

## samning

### vegna verkefna hjá Rannsóknastöðinni Rifi

#### Markmið og verkefni

Með samningi þessum styðja ráðuneytið og Norðurþing með fjárfram lagi við starfsemi náttúrustofunnar vegna verkefna sem unnin eru af hálfu Rannsóknastöðvarinnar Rifs á Raufarhöfn. Markmið samnings þessa er að stuðla að auknum rannsóknum, vöktun og fræðslu á starfsvæði náttúrustofunnar og í samræmi við tilgang og markmið Rannsóknastöðvarinnar Rifs, sem er að:

- Efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi.
- Safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu til almennings, stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Styðja nársamfélagið með því að taka þátt í samféluginu, m.a. með fræðslu auk stuðnings við náttúrutengda ferðamennsku.

Náttúrustofan skal útbúa áætlun um starfsemi Rifs fyrir árin 2021-2025, m.a. varðandi rannsóknir og vöktun á Melrakkasléttu og skila til ráðuneytisins og Norðurþings til samþykkтар eigi síðar en 31. ágúst 2021. Þar skal gerð nánari grein fyrir verkefnum sem unnin eru samkvæmt samningi þessum og tilhögur vinnu við þau.

Þau gögn sem aflað verður á grundvelli samnings þessa skulu vera öllum opin og afhent Náttúrufræðistofnun Íslands.

#### Fjármál

Heildarskuldbinding samningsins er 67 m.kr. og framlag ráðuneytisins og Norðurþings á samningstímanum skiptist með eftirfarandi hætti.

Ár	Ráðuneyti	Norðurþing	Alls	
2021	10	3	13	
2022	10	3	13	
2023	10	3	13	
2024	11	3	14	
2025	11	3	14	

GJF  
Aðs  
WJM

Greiðsla vegna ársins 2021 fer fram þegar áætlun um starfsemi Rifs fyrir árin 2021-2025 hefur verið samþykkt. Árlegar greiðslur vegna 2022-2025 fara fram samhliða skilum á greinargerð vegna starfsemi fyrra árs.

Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á náttúrustofan ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag ráðuneytisins til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.

### Almenn ákvæði

Formlegir tengiliðir vegna samnings þessa eru; skrifstofustjóri á skrifstofu landgæða fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sveitarstjóri Norðurþings fyrir hönd sveitarfélagsins og forstöðumaður náttúrustofunnar fyrir hönd NNA.

Náttúrustofan skal í byrjun hvers árs á gildistíma samnings skila ráðuneytinu greinargerð um starfsemi Rifs frá fyrra ári þar sem fram koma upplýsingar er varða markmið rannsóknastöðvarinnar, með vísun til áætlunar um starfsemi Rifs fyrir árin 2021-2025.

Vanefni náttúrustofan samningsbundnar skyldur sínar geta ráðuneytið og Norðurþing rift samningnum. Samningi þessum verður þó ekki rift nema vanefnd sé veruleg, enda hafi ráðuneytið og Norðurþing áður gert náttúrustofunni viðvart skriflega og sett hæfilegan frest til úrbóta.


Samningur þessi gildir frá dagsetningu undirritunar samningsins til loka árs 2025.

Átta mánuðum áður en samningi lýkur mun ráðuneytið framkvæma úttekt á framkvæmd hans sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 643/2018.


Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu ráðuneytis, eitt eintak í vörslu Norðurþings og eitt eintak í vörslu náttúrustofunnar.

Húsavík, 22. júní 2021.



fh. Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins      fh. Norðurþings



fh. Náttúrustofu Norðausturlands